



# Vegaaðstoð

## Þjónustuskilmáli þ-1

Vegaaðstoð er í boði fyrir einstaklinga sem eru í viðskiptum við Vörð og eru í Grunni.

Þjónustuaðili Vegaaðstoðar er Krókur ehf., kt. 700109-0380. Þegar þörf er á aðstoð er hringt í síma **514-1000** sem er opinn allan sólahringinn.

Um Vegaaðstoð gilda þjónustuskilmálar þessir sem og gjaldskrá Króks.

## Skilgreiningar

**Félagið:** Vörður tryggingar hf.

**Þjónustuaðili:** Krókur ehf.

**Þjónustuþegi:** Viðskiptavinur Varðar sem eru í Grunni eða með ökutækjategyggingu í gildi hjá félaginu og fjölskyldumeðlimir hans sem hafa sama lögheimili og sameiginlegt heimilishald.

**Bílinn:** Fólksbíl í einkanotkun undir 3,5 tonn að þyngd og/eða styttri en 7m.

### Efnisyfirlit:

- Hvaða þjónustur eru veittar?
- Hvaða þjónustur eru ekki veittar og aðrar takmarkanir?
- Hvar er þjónustan veitt?
- Hvað kostar þjónustan?

## 1. Kafli. Þjónustupættir

### 1. gr. Hvaða þjónustur eru veittar?

Veitt er aðstoð á staðnum þegar:

- Rafgeymir bílsins er straumlaus og þjónustuþegi Varðar þarf að fá start.
- Dekk springur og varadekk sem er í lagi er til staðar sem þarf að koma undir bílinn.
- Frost hindrar aðgang inn í bílinn. Aðstoð er veitt við að opna hurðir eða læsingar.
- Bílinn er eldsneytislauð. Komið er með bensín á brúsa þannig hægt sé að aka bílnum á næstu bensinstöð. Þjónustuþegi greiðir fyrir bensínið við komu þjónustuaðila á staðinn.
- Bílykill týndur eða læstur inn í bíl. Aðstoð er veitt við að komast inn í bílinn.

### 2. gr. Flutningur á bíl

Ef ekki er hægt að veita aðstoð á staðnum getur þjónustuþegi óskað eftir því að bíllinn verði fluttur á næsta þjónustuverkstæði innan þess þjónustuvæðis sem bíllinn er staðsettur á gegn gjaldi, sjá grein 9.

## 2. Kafli. Takmarkanir á þjónustu

### 3. gr. Vegaaðstoð er ekki veitt við eftirfarandi aðstæður:

- Veður og/eða færð hamlar því að hægt sé að veita þjónustuna.
- Bíllinn er fastur í drullu, sandi eða snjó.
- Bíllinn hefur lent í tjóni.

- d. Bíllinn er atvinnutæki,  
e. Bíllinn er yfir 3,5 tonn að þyngd og/eða lengri en sjö metrar.  
f. Bíllinn er 20 ára eða eldri. Á bæði við um aðstoð á staðnum og flutning.

4. gr. Félagið áskilur sér rétt til þessa að hafna þjónustu eða þáttöku við veitta þjónustu sé:

- g. Þjónustuþegi undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi efna þegar hann óskar eftir þjónustu.  
h. Viðhaldi bíls hefur ekki verið sinnt með fullnægandi hætti af hendi eiganda eða umráðamanns bílsins.  
i. Um misnotkun á þjónustu Vegaaðstoðar að ræða af hendi þjónustuþega.

5. gr. Aðrar takmarkanir:

Þjónustuþegi getur nýtt sér þjónustuna samtals þrisvar sinnum á hverju almanaksári. Að loknum þeim þremur skiptum er greitt samkvæmt gjaldskrá Króks hverju sinni.

### 3. Kafli. Þjónustusvæði

6. gr. Þjónustan er í boði á eftirfarandi þéttbýlisstöðum:

- a. Höfuðborgarsvæðið  
b. Akranes  
c. Akureyri  
d. Borganes  
e. Egilsstaðir  
f. Hveragerði  
g. Höfn í Hornafirði  
h. Ísafjörður  
i. Reykjanesbær  
j. Selfoss

### 4. Kafli. Kostnaður við þjónustu

7. gr. Þjónusta á staðnum

Þjónusta á staðnum skv. 1. gr. er þjónustuþegum að kostnaðarlausu í allt að þrjú (3) skipti á á hverju almanaksári.

8. gr. Flutningur

Þjónustuþegar fá 50% afslátt af gjaldskrá þjónustuaðila, þegar flutningur samkvæmt 2. gr. er veittur.

9. gr. Innheimta greiðslu

Þjónustuaðili sér um að innheimta greiðslu vegna þeirrar aðstoðar sem veitt er.

Þjónustuskilmáli þessi gildir frá 01.06.2025